

**Reglur um könnun og meðferð einstakra  
barnaverndarmála eða málaflokka hjá  
starfsmönnum barnaverndarnefndar Eyjafjarðar**

## Efnisyfirlit:

- I. Almenn  
  1. Umboð barnaverndarnefndar Eyjafjarðar til starfsmanna
  2. Starfsmenn barnaverndarnefndar Eyjafjarðar
  
- II. Vanhæfisreglur  
  3. Vanhæfi
  4. Áhrif vanhæfis
  5. Samstarf milli barnaverndarnefnda
  
- III. Málsmeðferð hjá starfsmönnum barnaverndar Eyjafjarðar  
  6. Trúnaðarskylda
  7. Meginreglur í barnaverndarstarfi
  8. Réttindi barna við málsmeðferð
  9. Málshraði
  10. Skráning og varðveisla gagna
  11. Tilkynningar
  12. Ákvarðanataka
  13. Neyðarráðstöfun
  14. Teymisfundir
  15. Könnun máls
  16. Lögreglurannsókn
  17. Áætlun um meðferð máls
  18. Mál lagt fyrir barnaverndarnefnd
  19. Ákvarðanir barnaverndarnefndar
  20. Úrræði gagnvart þeim sem starfa með börnum
  
- IV. Ráðstöfun barns utan heimilis  
  21. Vistun utan heimilis/fóstur
  22. Vistun á meðferðarheimili
  23. Fósturforeldrar
  24. Fóstursamningur
  25. Stuðningsfjölskyldur
  
- V. Umsagnarmál  
  26. Umsagnir skv. barnaverndarlögum
  27. Umsagnir skv. ættleiðingarlögum
  
- VI. Annað  
  28. Boðun aðila á fund barnaverndarnefndar
  29. Gildistaka

**Akureyri leitast við að vera barnvænt sveitarfélag á öllum tímum og vinnur markvisst að því að uppfylla réttindi barna. Alþingi lögfesti Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í febrúar 2013 og verður hann samhliða endurnýjun á verklagsreglum barnaverndar Eyjafjarðar notaður sem viðmið í starfi barnaverndar Eyjafjarðar. Sáttmálinn er rauður þráður í þjónustu barnaverndarinnar og ávallt hafður til hliðsjónar við meðferð barnaverndarmála.**

## **I. Almenn**

### **1. gr.**

#### **Umboð barnaverndarnefndar Eyjafjarðar til starfsmanna**

Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem gilda framfar reglum þessum þegar þeim sleppir. Auki samnings frá 24. nóvember 1999, milli Akureyrarkaupsstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Svalbarðsstrandahrepps og Hörgársveitar.

Starfsmönnum barnaverndar Eyjafjarðar er falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku einstakra barnaverndarmála eða málaflokka samkvæmt reglum þessum og í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga að undanskyldum þeim ákvörðunum sem óheimilt er skv. ákvæðum barnaverndarlaga að framselja til starfsmanna og sem skv. reglum þessum skulu teknar af barnaverndarnefnd.

Barnaverndarnefnd getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

### **2. gr.**

#### **Starfsmenn barnaverndarnefndar**

Starfsmenn nefndarinnar sem fara með vinnslu máls skv. reglum þessum skulu hafa lokið námi í félagsráðgjöf, lögfræði, sálfræði, félagsfræði eða sambærilegu námi.

Starfsmenn verða að búa yfir hæfni og þekkingu til þess að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Starfsmenn barnaverndar starfa í umboði nefndarinnar og undir stjórn forstöðumanns barnaverndar á Fjölskyldusviði, sem jafnframt er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Yfirmanni er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu mála eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.

## **II. Vanhæfisreglur**

### **3. gr.**

#### **Vanhæfi**

Um starfsmenn gilda hæfisreglur II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Forstöðumaður eða annar starfsmaður barnaverndarnefndar Eyjafjarðar er vanhæfur til þess að fara með barnaverndarmál við eftirfarandi aðstæður:

- a. Ef hann er aðili máls, fyrirvarmaður eða umboðsmaður aðila.
- b. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- c. Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í b-lið.
- d. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. b-lið næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.
- e. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

#### 4. gr.

##### Áhrif vanhæfis

Starfsmaður sem veit um aðstæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli forstöðumanns á því. Forstöðumaður tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður skuli segja sig frá málinu.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að halda málinu í réttu horfi þar til annar starfsmaður tekur við sbr. 4. gr. stjórnssýslulaga. Hið sama gildir um forstöðumann.

Ef mál er það tengt einum eða fleiri starfsmönnum barnaverndarnefndar getur forstöðumaður ákveðið að fela vinnslu þess annarri barnaverndarnefnd.

Viti forstöðumaður barnaverndar Eyjafjarðar um ástæður sem kunna að valda vanhæfi hans skal hann tafarlaust vekja athygli formanns barnaverndarnefndar Eyjafjarðar á þeim. barnaverndarnefnd Eyjafjarðar tekur endanlega ákvörðun um hvort forstöðumaður sé vanhæfur. barnaverndarnefnd Eyjafjarðar tekur jafnframt ákvörðun um hvort fela eigi annarri barnaverndarnefnd málið til vinnslu.

Sé forstöðumaður vanhæfur til meðferðar máls mega hvorki hann né aðrir starfsmenn barnaverndar Eyjafjarðar taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Starfsmönnum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar í þágu barns þar til málið hefur verið flutt.

#### 5. gr.

##### Samstarf milli barnaverndarnefnda

Ef starfsmenn telja hentugra að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu er starfsmönnum barnaverndar Eyjafjarðar heimilt að semja við þá barnaverndarnefnd sem hentugra er talið að fari með málið að málið sé rekið þar, sbr. 15. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun um slíkt samkomulag skal tekin og staðfest á teymisfundi starfsmanna.

### III. Málsmeðferð hjá starfsmönnum barnaverndar Eyjafjarðar

**6. gr.**  
**Trúnaðarskylda.**

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af og mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál einstaklinga eða heimilisháttu.

Starfsmenn skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu er þeir hefja störf. Trúnaðarskylda helst þótt starfsmaður láti af störfum.

**7. gr.**  
**Meginreglur í barnaverndarstarfi**

Starfsmenn skulu beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi. Aðrir hagsmunir s.s. hagsmunir foreldra verða þá að víkja stangist þeir á við hagsmuni barnsins.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma.

Starfsmenn skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra/forsjáraðila og sýna þeim og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni og virðingu, er þeir kanna og fara með mál. Starfsmenn skulu í störfum sínum eiga góða samvinnu sín á milli, við samstarfsaðila og aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

Starfsmenn skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis. Starfsmenn skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til íþyngjandi úrræða. Jafnframt skal ávallt miðað við að beitt sé vægustu úrræðum til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Aðeins skal gripið til íþyngjandi ráðstafana ef lögmætum markmiðum verður ekki náð með öðru og vægara móti.

**8. gr.**  
**Réttindi barna við málsmeðferð**

Í starfi sínu skulu starfsmenn taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að kanna mál skal taka afstöðu til þess hvort skipa skuli barni talsmann. Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu skv. 29. gr. Heimilt er að skipa barni löglærðan talsmann ef það er talið þjóna hagsmunum barnsins. Ávallt skal leita samþykkis barna eldri en 15 ára vegna beitingu úrræða og þeim skal skipaður talsmaður nema barn njóti aðstoðar lögmanns. Barn eldra en 15 ára telst aðili máls.

**9. gr.**  
**Málshraði**

Starfsmenn skulu afgreiða mál svo fljótt sem auðið er. Ákvörðun um könnun máls skal að jafnaði tekin innan 7 daga frá því tilkynning berst. Könnun skal að jafnaði lokið innan þriggja mánaða frá því tilkynning berst og eigi síðar en fjórum mánuðum frá því að ákvörðun er tekin um að hefja könnun.

## **10. gr.**

### **Skráning og varðveisla gagna**

Starfsmönnum ber að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundinn hátt og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sbr. ákvæði 39. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 22. og 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

Málmöppur skulu ávallt geymdar í þar til gerðum skjalaskáp og skal tryggja góðan frágang. Þannig skal prenta reglulega út dagála, taka afrit af útsendum bréfum og tryggja að frumgögn liggi í málmöppunum. Gæta skal þess að málgögn séu sett í málmöppurnar. Við lok máls skal starfsmaður sjá til þess að öll gögn séu samkvæmt tímaröð í málmöppu.

## **11. gr.**

### **Tilkynningar**

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess. Starfsmenn skulu einnig taka á móti tilkynningum um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófæddis barns síns í hættu með lífernri sínu. Skrá skal nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta í tölvukerfi.

### **Tilkynningar skv. 16. gr.**

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd. Starfsmaður skal staðfesta við tilkynnanda munnlega, að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.

### **Tilkynningar skv. 17. og 18. gr.**

Ákvæði um nafnleynd eiga ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Starfsmaður skal staðfesta við tilkynnanda skriflega að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.

## **12. gr.**

### **Ákvarðanataka**

Þegar tilkynning berst eða upplýsingar með öðrum hætti um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni eða af hendi barns eða að þunguð kona kunni að stofna heilsu eða lífi ófæddis barns síns í hættu með lífernri sínu skulu starfsmenn taka afstöðu til þess án tafar og eigi síðar en innan sjö daga frá því að tilkynning eða upplýsingarnar bárust, hvort ástæða sé til þess að hefja könnun máls. Ljúka skal könnun eigi síðar en fjórum mánuðum frá því að ákvörðun er tekin um að hefja könnun.

Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Sama gildir þó starfsmaður fái upplýsingar með öðrum hætti en tilkynningu.

Að jafnaði skal ákvörðun um könnun máls tekin á teymisfundi. Ef brýn nauðsyn ber til hafa starfsmenn, að höfðu samráði við forstöðumann, staðgengli hans eða eftir atvikum lögfræðingi Fjölskyldusviðs, heimild til að hefja könnun án þess að teymisfundur hafi fjallað um málið.

## **13. gr.**

### **Neyðarráðstöfun**

Þegar ætla má að brýnna aðgerða sé þörf skal starfsmaður barnaverndar Eyjafjarðar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns, í samráði við forstöðumann barnaverndar Eyjafjarðar og formann nefndarinnar sbr. 31. gr. barnaverndarlaga. Leggja skal málið fyrir barnaverndarnefnd Eyjafjarðar án tafar og kveða upp úrskurð innan tveggja vikna eða taka ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi skv. 28. eða 29. gr. barnaverndarlaga. Að öðrum kosti fellur ákvörðunin úr gildi.

Um er að ræða mjög íþyngjandi aðgerðir og ber því ávallt að hafa málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga til hliðsjónar, líkt og meðalhófs- og rannsóknarregluna og fl. Þá skal liggja fyrir hvort forsjáradili og eftir atvikum annar viðeigandi aðili samþykki fyrirhugaða aðgerð áður en aðila er tilkynnt um neyðarráðstöfunina.

Hafi starfsmaður verið kvaddur til að sinna barni þar sem brýnna aðgerða er þörf, skal hann gera skriflega skýrslu þar sem fram koma ástæður íhlutunar og annað sem máli kann að skipta.

### **14. gr.**

#### **Teymisfundir**

Starfsmenn barnaverndar halda reglulega fundi þar sem teknar eru nauðsynlegar ákvarðanir um vinnslu barnaverndarmála. Fundina, sem nefndir eru teymisfundir í reglum þessum, skal halda vikulega. Fundinum stjórnar forstöðumaður, eða staðgengill hans, og ritar fundargerð.

Helstu ákvarðanir sem teymisfundur tekur eru þessar:

- a) Um afgreiðsla tilkynninga
- b) Um könnun máls, þ.m.t. hvaða starfsmaður/starfsmenn hafa könnunina með höndum
- c) Um að vísa máli í lögreglurannsókn
- d) Um lok könnunar
- e) Um beitingu úrræða skv. 2. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga
- f) Um lokun barnaverndarmáls
- g) Þegar sérstaklega stendur á um framvindu máls, s.s. vegna vistunar barns utan heimilis með samþykki aðila
- h) Um að leggja mál fyrir fund barnaverndarnefndar
- i) Greinargerð í umsagnarmálum, s.s. vegna umgengni, fósturs og ættleiðingar, skulu kynntar á teymisfundi. Fundurinn ákveður hvort mál skuli lagt fyrir fund barnaverndarnefndar áður en umsögn er gefin. Skal það jafnan gert ef ágreiningur er um niðurstöðuna og ef aðili sem umsögn er gerð um, óskar þess.

Sé ákvörðun svo knýjandi að hún geti ekki beðið næsta teymisfundar, skal hún tekin af forstöðumanni, staðgengli hans eða eftir atvikum lögfræðingi Fjölskyldusviðs.

Teymisfundur er valdbær ef a.m.k. þrír eða fleiri starfsmenn í viðkomandi teymi sitja fundinn. Ákvörðun um að hefja könnun máls eða hefja ekki könnun er hvorki kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála né annars stjórnvalds sbr. 21. gr. barnaverndarlaga.

### **15. gr.**

#### **Könnun máls**

Þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um misfellur í aðbúnaði og uppeldi barns, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hætta búin, skal málið kannað án tafar. Það sama gildir ef barn stefnir heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni.

Starfsmaður skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila þar sem starfsmaður og forsjáraðili/ar undirrita áætlun um framkvæmd könnunar.

Starfsmaður sem hefur fengið máli úthlutað skal afla upplýsinga frá þeim sem um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Skal jafnan aflað umsagnar skóla barns eða ungmennis eða annarrar stofnunar þar sem barn eða ungmenni dvelur. Heimilisaðstæður barns skulu kannaðar og rætt við foreldra eða forráðamenn.

Sé rökstuddur grunur um að aðstæðum barns sé ábótavant og þjóni það hagsmunum barns er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf til að tala við það í einrúmi eða til að fylgjast með hegðun þess.

Könnun starfsmanna skal miða að því að sem gleggstar upplýsingar fáiast um hagi þess barns sem í hlut á, tengsl þess við foreldra eða aðra, líkamlegt og andlegt ástand þess eða annað sem máli kann að skipta.

Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað skal starfsmaður gera grein fyrir niðurstöðu könnunar á teymisfundum. Starfsmaður skal leggja fyrir fundinn tillögur sínar að næstu skrefum.

Foreldrar geta skotið ákvörðun starfsmanna um að loka máli á þessu stigi til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. 1. mgr. 23. gr. barnaverndarmála nr. 80/2002.

## **16. gr.**

### **Lögreglurannsókn**

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni á grundvelli almennra hegningalaga nr. 19/1940, hefur starfsmaður, að höfðu samráði við forstöðumann, staðgengil hans eða eftir atvikum lögfræðing Fjölskyldusviðs umboð til að óska eftir lögreglurannsókn. Ákvörðun um slíkt er að jafnaði tekin á teymisfundum. Barnaverndarstarfsmaður í umboði barnaverndarnefndar leggur þá fram kærnu með eða án samþykkis forsjáraðila, enda leikur grunur á að velferð, lífi eða heilsu barns eða annarra sé stefnt í verulega hættu. Eftir atvikum skal haft samráð við og leitað eftir samþykki forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá. Þá skal haft samráð við barn eftir atvikum.

## **17. gr.**

### **Áætlun um meðferð máls**



Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og þörf er á beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal starfsmaður, í samvinnu við foreldra/forsjáraðila og barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um meðferð máls. Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á. Í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi og í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum/forsjáraðilum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Áætlun skal markaður ákveðinn tími og mál endurskoðað með hliðsjón af því hvort markmiðum hafi verið náð.

Aðilum er heimilt að skjóta ákvörðun um að loka máli þegar tími meðferðaráætlunar er liðinn til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. 2. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ef ekki tekst samvinna um gerð eða framkvæmd áætlunar um beitingu úrræða skal starfsmaður að jafnaði semja einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða. Áætlunina skal kynna fyrir foreldrum og eftir atvikum barni en hún er ekki háð samþykki þeirra.

## 18. gr.

### Mál lagt fyrir barnaverndarnefnd

Náist ekki samvinna meðal foreldra/forráðamanna eða barns yfir 15 ára aldri, um áætlun eða að hún ber ekki tilætlaðan árangur skal kynna málið fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð og tillögum um áframhaldani meðferð málsins. Hér getur verið um að ræða beitingu íþyngjandi aðgerða skv. barnaverndarlögum (bvl.), nánar tiltekið:

- Úrræði án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr. bvl.
- Úrskurður barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis, sbr. 27. gr. bvl.
- Úrskurður dómstóla um vistun barns utan heimilis, sbr. 28. gr. bvl.
- Forsjársvipting, sbr. 29. gr. bvl.
- Sviptingu sjálfraeðis þungaðrar konu, sbr. 30. gr. bvl.
- Kröfu um brottvikningu heimilismanns eða nálgunarbands
- Neyðarráðstöfun skv. 31. gr. bvl.
- Samkvæmt fyrri bókun barnaverndarnefndar
- Ágreiningur um umgengni í fósturmálum

Þá skal kynna allar fósturráðstafanir fyrir nefndina og leggja fram tilheyrandi gögn, þar á meðal alla fóstursamninga til samþykktar. Á sama tíma skal leggja fram fósturleyfi. Starfsmaður skal tilkynna aðilum og barni eldra en 15 ára að málið verði lagt fyrir barnaverndarnefnd með hæfilegum fyrirvara. Starfsmaður skal vekja athygli aðila á rétti þeirra til að mæta á fund barnaverndarnefndar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli aðila á rétti þeirra til lögmannaaðstoðar og möguleika á styrk í því skyni.

Um boðun og afhendingu gagna fer eftir ákvæðum 30. gr. þessara reglna.

Teymisfundur getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns að aðilar fái tiltekin gögn afhent, að aðilar fái ekki að svo stöddu að kynna sér innihald tiltekinna gagna þar til barnaverndarnefnd hefur tekið endanlega ákvörðun þar að lútandi.

Barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra. Nefndin getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

#### **19. gr.**

##### **Ákvarðanir barnaverndarnefndar**

Starfsmaður skal án ástæðulausrar tafar og með sannanlegum hætti tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði barnaverndarnefndar.

Jafnframt skal hlutaðeigandi aðila leiðbeint um kærueimildir, þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti og hvert beina skuli kæru.

#### **20. gr.**

##### **Úrræði gagnvart þeim sem starfa með börnum**

Starfsmaður skal taka á móti ábendingum um að atferli einstaklings, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant sbr. 35 gr. barnaverndarlaga og kanna mál í samræmi við ákvæði 21. gr. sömu laga, telji hann tilefni til. Skal hann tilkynna viðkomandi starfsmanni ákvörðun sína og vinnuveitanda hans ef það á við. Starfsmaður barnaverndar Eyjafjarðar skal tilkynna um niðurstöðu könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

### **IV. Ráðstöfun barns utan heimilis**

#### **21. gr.**

##### **Vistun utan heimilis/fóstur**

Þessi grein á við um vistun barns í fóstur til lengri eða skemmri tíma eða tímabundna vistun í þrjá mánuði eða skemur skv. 84. gr. barnaverndarlaga.

Samþykki forsjáraðila fyrir því að barn verði vistað utan heimilis eða ráðstafað í fóstur, skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja aðila sem votta að foreldrum hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins. Barn sem hefur náð 15 ára aldri telst aðili málsins og þarf undirskrift þess vegna ráðstöfunar utan heimilis.

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður barnaverndarnefndar um fóstur barns sendir starfsmaður beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við stofuna. Starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra/forsjáraðila. Starfsmanni er skylt að leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur, sömuleiðis skal ávalt fyrst kannaður grundvöllur þess um að vista barnið hjá hinu forsjálausu foreldri. Verði barn ekki vistað hjá forsjálausu foreldri skal sú ákvörðun sérstaklega rökstudd.

Eftir atvikum og miðað við aldur barns og þroska, skulu starfsmenn gera barni grein fyrir því hvers vegna því er komið fyrir í fóstur. Þá skulu starfsmenn undirstrika við fósturforeldra mikilvægi þess að fósturbörn hafi vitneskju um kynforeldri sitt og eigi rétt á að þekkja uppruna sinn.

Fósturráðstafanir skulu kynntar fyrir barnaverndarnefnd með tilheyrandi gögnum, sbr. 18. gr. reglna þessara, sé um að ræða samvinnu við forsjáraðila og barn eftir atvikum. Að öðrum kosti er málið ávallt lagt fyrir barnaverndarnefnd með tilliti til þvingunar.

Starfsmenn skulu aðstoða og undirbúa foreldra og barn fyrir væntanlega ráðstöfun barnsins utan heimilis.

Starfsmaður hefur frumkvæði að því að koma á samningi um umgengni barns við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Barnaverndarnefnd úrskurðar um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengisréttarins eða framkvæmd.

## **22. gr.**

### **Vistun á meðferðarheimili**

Starfsmenn geta vistað börn á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu að því tilskildu að forsjáradilar og barn eldra en 15 ára séu samþykkt ráðstöfuninni. Ef samþykki foreldra og/eða barns eldri en 15 ára liggur ekki fyrir skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd.

Starfsmaður skal gera vistunarsamning og leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

## **23. gr.**

### **Fósturforeldrar**

Fósturforeldrar skulu hafa hlotið samþykki Barnaverndarstofu. Hefjist vistun barns áður en leyfi er gefið út skal starfsmaður tilkynna um vistun barns utan heimilis og sækja um leyfi um vistun skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Jafnframt skal starfsmaður skila umsókn um leyfi ásamt öllum gögnum til Barnaverndarstofu eins fljótt og auðið er.

Starfsmenn skulu veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar á meðan á fóstri stendur. Starfsmaður skal hafa eftirlit með fósturheimili og heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það.

Starfsmaður skal rita í dagála í lok hvernar heimsóknar upplýsingar um líðan og aðstæður barnsins á fósturheimilinu og mat á árangri af fósturráðstöfun, hvernig fósturráðstöfun gengur ásamt dagsetningu heimsóknar.

Telji starfsmaður að fósturforeldri vanræki uppeldishlutverk sitt skal hann gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til verndar barni.

## **24. gr.**

### **Fóstursamningur**

Þegar barnaverndarnefnd hefur samþykkt fóstur barns skal starfsmaður gera skriflegan fóstursamning fyrir hönd barnaverndarnefndar við fósturforeldra.

Fóstursamningur skal gerður á þar til gerð eyðublöð og skal m.a. tilgreint í fóstursamningi eðli þess stuðnings og eftirlits sem starfsmenn hafa með fósturheimili, greiðslur til fósturforeldra, skyldur þeirra og ábyrgð.

Starfsmaður sendir tilkynningu um gerð fóstursamnings til Barnaverndarstofu og lok fósturs. Starfsmaður tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

Ef aðstæður fósturforeldra breytast á fósturtímanum svo sem vegna skilnaðar, andláts eða búferlaflutninga, ber að tilkynna starfsmönnum barnaverndar Eyjafjarðar um það og skal starfsmaður kanna aðstæður með tilliti til þess hvort endurnýja eða slíta skuli fóstursamningi í ljósi niðurstöðu könnunar.

## **25. gr.**

### **Stuðningsfjölskyldur**

Einstaklingur eldri en 23 ára og hjón eða sambýlisfólk geta sótt um að gerast stuðningsaðili- eða fjölskylda. Starfsmaður skal leita eftir upplýsingum um umsækjanda og aðbúnað á heimilinu frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, öðrum barnaverndarnefndum, heilbrigðisfulltrúa og eldvarnareftirliti, enda sé umsækjanda gert kunnugt um það.

Áður en forstöðumaður afgreiðir umsókn skal starfsmaður fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda og skrifa greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun. Umsækjanda skal kynnt greinargerðin og þeim gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal afgreiða umsóknina með bókun á teymisfundum.

Leyfi til að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skal veitt til eins árs í senn. Óski viðkomandi eftir endurnýjuðu leyfi meta starfsmenn hvaða gögn eru nauðsynleg. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst auk þess sem starfsmaður skal heimsækja fjölskylduna.

## **V. Umsagnarmál**

### **26. gr.**

#### **Umsagnir skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002**

Óski Barnaverndarstofa eftir umsögn barnaverndarnefndar um einstakling eða hjón/sambúðarfólk sem óska eftir að gerast fósturforeldri skulu starfsmenn annast könnun máls. Í umsögn starfsmanns skal fyrst og fremst leggja áherslu á að lýsa heimilishögum, fjölskyldusögu, umhverfi og aðstæðum umsækjenda, svo sem menntun, atvinnu, fjármálum, heilsufari og áhugamálum þeirra. Sérstaklega skal kanna hvort viðkomandi hafi önnur leyfi eða sinni öðrum verkefnum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eða sinni umönnun eða umsjá einstaklinga samkvæmt ákvæðum annarra laga. Upplýsingar úr sakaskrá heimilismanna eldri en fimmtán ára skulu liggja fyrir. Þá skal kanna með almennum hætti hvernig skólamálum er háttað í skólahverfi umsækjenda.

Við gerð umsagnar skal fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda. Að lokinni könnun skal starfsmaður skrifa greinargerð um hagi umsækjanda og gera tillögu um afgreiðslu málsins. Gefa skal umsækjanda kost á að koma að athugasemdum við greinargerð og tillögu. Að því loknu er umsögn lögð fyrir teymisfund og afgreidd með bókun.

Starfsmaður skal senda Barnaverndarstofu bókun teymisfundar án tafar ásamt greinargerð umsagnaraðila. Telji starfsmenn nauðsynlegt að bera niðurstöðu sína undir barnaverndarnefnd, skal það gert og bókað um það.

#### **27. gr.**

##### **Umsagnir skv. ættleiðingalögum nr. 130 /1999**

Starfsmenn annast könnun mála vegna umsagnar barnaverndarnefndar um ættleiðingar skv. 16 gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir teymisfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra í samræmi við ættleiðingarlög.

Umsagnir vegna ættleiðingamála skulu lagðar fyrir teymisfund sem afgreiðir umsögn með bókun og er hún send til sýslumanns.

Telji starfsmenn nauðsynlegt að bera niðurstöðu sína undir barnaverndarnefnd, skal það gert með greinargerð.

## **VI. Annað**

#### **28. gr.**

##### **Boðun aðila á fund barnaverndarnefndar**

Í þeim tilvikum þar sem aðilar hafa rétt á því að mæta á fund barnaverndarnefndar skal starfsmaður boða viðkomandi á fund nefndarinnar með sannarlegum hætti.

Í bréfinu skal koma fram tími og staðsetning fundarins ásamt tillögu í greinargerð. Þá skal tilgreint hvar og hvenær aðilar geta nálgast greinargerð starfsmanns, ef hún hefur ekki verið afhent viðkomandi.

Í bréfinu skal aðilum leiðbeint um rétt þeirra til að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd tekur ákvörðun. Jafnframt skal aðilum leiðbeint um rétt þeirra á styrk vegna lögmannskostnað skv. reglum um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar.

Aðilar skulu að jafnaði hafa fengið greinargerð starfsmanns í sínar hendur eigi síðar en fimm dögum fyrir fund barnaverndarnefndar enda er gerð krafa til forsjáraðila og eftir atvikum lögmannna að skila inn greinargerð og gögnum með að lágmarki sólarhrings fyrirvara.

#### **29. gr.**

##### **Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu barnaverndarnefndar Eyjafjarðar.

Samþykkt í barnaverndarnefnd Eyjafjarðar 18. september 2018, samanber samning um sameiginlega barnaverndarnefnd frá 24. nóvember 1999. Reglurnar koma í stað eldri reglna nefndarinnar frá 27. júní 2012